

# Fundargerð 8. fundar deildar leiðsögufólks í VR

**Fundarstaður og dagsetning:** Staðfundur, 3. febrúar '26 kl. 10-14.

**Mættir:** Halldór Kolbeins, Pétur Gauti Valgeirsson, Jón Páll Baldvinsson,

Þór Bínó Friðriksson, Bryndís Kristjánsdóttir, Örvar Már Kristinsson og Aðalheiður Rán Prastardóttir

**Næsti fundur:** 3. mars kl. 10-14, staðfundur.

**Fundarritari:** Aðalheiður Rán Prastardóttir

**Málsnúmer í One:** 2506279

Fundur er settur kl. 10:09. Halldór stýrir fundi.

Farið yfir stjórnargáttina, one.vr.is.

## Fundargerð 7. fundar

Engin athugasemd, send til undirritunar.

## Verkefni, staðan

Formaður og varaformaður funduðu með VR um stefnu deildarinnar til sýnileika. Gerð verður stefna til 2028, þegar farið er í kjaraviðræður.

Funduðu einnig með Höllu þar sem hún var upplýst um þá vinnu sem hefur átt sér stað og mótað hvað deildin fjallar um annars vegar og hún hins vegar.

Farið var á ferðamálavíkuna. Orðið gefið laust. Tilfinning vikan miðist við fyrirtækin en ekki starfsfólkið. Gagnlegt að fylgjast með en lítil tími gafst til spurninga á pallborði. Gott að heyra um stefnuna og tóninn hjá fundarfólki. Fram kom að búast mætti við 50% aukningu á Kínverjum í ár en samdráttur frá öðrum þjóðum. Merkilegt þótti að það virtist lítið mál að gefa afslátt á öryggismálum, afsökunin að allt í einu springi allt út á ákveðnum stöðum og því hafi viðeigandi aðilar ekki náð að undirbúa sig. Fyrirvarinn er þó oft töluverður, þ.e. þegar ákveðinn staður hefur fengið mikla birtingu úti í heimi er viðbúið að staðurinn veðri vinsælt og þá má fara að undirbúa komu gesta. Virðist vera mikill munur á aðstæðum þó það sé gjaldtaka, þó það sé gjaldtaka á ákveðinn stað virðist staðarhaldari ekki telja sig bera ábyrgð

t.d. á hálkuvörnum. Það gæti þó þýtt meiri ábyrgð í dómi en gerist ekki sjálfkrafa. Augljóst að fólkið í stjórnsýslunni vinnur ekki sjálft í ferðapjónustunni. Stjórnkerfið hefur ekki tekið utan um ferðapjónustuna - það vilja allir fá peninginn frá ferðapjónustunni en enginn að leggja í hana. Viljum við taka þátt í málþingi sem þessu. Já, spurning hvað það er sem við viljum gefa frá okkur en skoða það fyrir næsta ár.

Farið var á fund með Dagbjarti, sérfræðingi í öryggismálum hjá Ferðamálastofu, vegna atvikaskráningar sem verið er að vinna. Komum því á framfæri að við vildum vera með í þróuninni. Atvikaskráningin sem unnið er að er kerfi sem fyrirtækin geta fylgst með þróun innan síns fyrirtækis, þó án þess að stofan sjálf sjái hver skráir hvert tilvik. Ferðamálastofa mun þó geta séð hversu mörg atvik eru skráð á hvert fyrirtæki en sé lítið um skráningar vekur það oft meiri athygli en margar skráningar. Með þessu getur Ferðamálastofa fylgst með hvar slysin (næstum) gerast og brugðist við. Fram kom að það væri gott fyrir leiðsögumanninn ef atvik er tilkynnt strax því ef þolandinn tilkynnir um eitthvað annað en leiðsögumaðurinn vildi meina að gerst hafði er vont ef hann hefur ekki tilkynnt atvikið. Með þessari skráningu getur leiðsögumaðurinn tilkynnt slys hjá öllum fyrirtækjum er hann vinnur fyrir en einnig slys sem hann verður vitni af, þ.e. ef atvik á sér stað án þess að gesturinn sé í skipulagðri ferð. Hægt er að tilkynna á staðnum og með mynd og klára tilkynninguna seinna, t.d. þegar komið er úr ferð. Ferðamálastofa vill leyfa fólki að prófa kerfið, við getum fundið fólk til að prófa og Dagbjartur fundar síðar með því fólki og útskýrir verkefnið. Einhver ferðapjónustufyrirtæki eru nú í þrúfufasa.

Farið var á fund með Maríu Ester, öðrum eiganda Guide Connect. Hún hefur reynslu úr ferðapjónustunni, þ.e. að fá leiðsögufólk til starfa í ferðir. Verið er að hanna forrit þar sem fyrirtæki geta auglýst ferðir og óskað eftir leiðsögufólki. Mögulega er þetta lausn á fyrrum félagatali. Hún var opin fyrir ýmsum hugmyndum sem upp komu, s.s. að hafa upplýsingar um hvað ferðir þurfa að kosta til að þær samræmist lágmarkslaunum o.fl. Samtal sem við viljum halda áfram. Kerfið á að komast í gagnið fyrir sumarið en einhverjar ferðaskrifstofur eru komnar þar inn.

Mannamót. Fór einhver þar? Er vilji til að fara þangað á næsta ár? Já, vilji til að vera sýnilegur þar, þar kemur mögulega margt leiðsögufólk sem ekki er í VR, þar eru ferðapjónustufyrirtæki, fyrirtæki sem leitar að leiðsögufólki, fjölmiðlafólk, gæti styrkt tengsl.

Mál sem kom inn á borð til formanns. Leiðsögumaður sem vill koma í veg fyrir sjóræningjastarfsemi, undirboð. Beiðni um að við sem stéttarfélag getum sent á ferðaskrifstofu sem er að starfa með ólögsmætum hætti. Það talið vera í verkahring Ferðamálastofu þar sem málefnið er á þeirri vegum. Þessu vísað á Arnar Má.

Barst til formanns um helgina – fólk var að lenda í veseni með reiknivélina. Mál í vinnslu á kjaramálasviði.

## Stöðuskýrslur vinnuhópa

- a. **FEG.** Ýta á eftir að skýrsla verði tilbúin fyrir marsfund.

ASÍ skýrslan um vinnustaðaeftirlitið er á leiðinni.

- b. **Stefnumótun og almannatengsl.** Sú vinna hafin, sá starfshópur fóryfir nokkra punkta, s.s. öryggismál, bílastæðamál, betlið – þar sem leiðsögufólk á að betla umsagnir. Opið bréf sent á ákveðna aðila, viðeigandi fengi viku til að bregðast við áður en eitthvað væri birt. Þá er verið að skoða öryggisþætti, vernd á náttúru og neytendavernd t.d. Við erum talsmenn gesta landsins.

Bílastæðamál – hvað fær gesturinn fyrir peninginn? Er verið að rukka fyrir tilvonandi göngustíg eða væri eðlilegra að gera hann fyrst og rukka svo? Ekki var rukkað fyrir keyrslu í Hvalfjörðinn til að eiga fyrir göngunum heldur rukkað fyrir keyrslu í gegnum göngin þegar þau voru komin. Hver er fjárhagsleg forsenda fyrir greiðslur á bílastæðum?

Hvert fara framlög frá Framkvæmdasjóði ferðþjónustunnar? Sumir hafa fengið greiðslur í mörg ár en væri áhugavert að kalla eftir því í hvað sá peningur hefur farið.

Betlið. Sum fyrirtæki komin með kerfi þar sem umsagnir eru betlaðar af gestum, önnur gætu fylgt. Áður hefur tölvupóstur verið sendur á gestina. Sýnt sig að þessar umsagnir segja ekki endilega til um gæði ferðarinnar, best að biðja um umsagnir á ákveðnum stað/tíma í ferðinni, ekki beðið um umsagnir í ferð sem gekk ekki vel, beðið um umsögn þegar óánægður gestur er fjarverandi o.fl. Sum fyrirtæki greiða bónus fyrir 5 stjörnu umsögn, önnur hóta uppsögnum fái leiðsögufólk ekki ákveðið margar 5 stjörnu umsagnir á mánuði. Eðlilegra að sendur sé spurningalisti eftir á, gesturinn vill ekki þetta betl.

Ritnefnd tekur þetta áfram og mótar.

- c. **Fræðslumál.** Talað hefur verið við nokkra aðila. Hagstofan er hætt að gefa út bókina *Ísland í tölum* en ekki var vilji hjá stofnuninni til að koma í kynningu. Fundur í sal með möguleika á fjarfundi og upptaka leyfi fyrirlesari það. Skoða einnig með upptökuverð. Stjörnu Sævar er tilbúinn að hafa um sólmyrkvann í maí og framhalds norðurljós í ágúst/sept. Hann er að vinna í norðurljósasmáforriti, myndavélar í kringum landið svo auðveldara sé að finna norðurljós. Einar Sveinbjörns einnig til, myndi fjalla um veður og kort – micro climate.

Afstaða til túlkunar – þarf að skoða hvernig félagsskráin er núna, hvert er hlutfall erlendra. Er þörf á þessu túlkun?

Væri áhugavert að fá jarðfræðing til að skýra hvað er að gerast og getur gerst á Reykjanesinu. Bæjarstjórinn getur mögulega rætt hvernig aðstaðan er í Grindavík núna, einnig um hvernig garðarnir voru gerðir. Væri hægt að gera þetta í hljóðveri og setja á FB síðu.

Landnám lífs á Íslandi, sérfræðingar í Íslendingasögum.

Niðurstaða, Sævar að vori og hausti, Einar Sveinbjörns og Reykjanesið – eitthvað stutt og oft sem sett er inn á FB.

- d. Alþjóðlegi leiðsögudagurinn.** Engin viðbrögð við ákalli til leiðsögufólks til að fara með almenning í leiðsögn. Knappur tími til stefnu, gera þetta flott á næsta ári. Væri hægt að fá t.d. Landann til að fylgja leiðsögumanni eftir?

Kom upp að VR sendir tölvupósta sparlega.

Vont að hætta við þetta vegna slæmrar þátttöku, stjórnarfolk þó flest upptekið í öðrum verkefnum á þessum degi. Fellur um sjálft sig ef fólk fæst ekki í verkefnið. Formaður heyrir í þeim er gerði bókina um gönguleiðir (Jónas) og athugar með hann. Þarf að komast á hreint í þessari viku hvort og hverjir eru tilbúnir að taka þátt, formaður og varaformaður taka þetta að sér, vísa fólki á þá ef e-r eru til.

- e. Kannanir.** Hvað viljum við vita úr könnunum? Almenn menntun leiðsögufólks, reynsla í leiðsögn, vinnur fólk í öðrum geirum með – hverjum, ráðningarsamband, ársstarf/tímabundið, starfshlutfall, fjöldi fyrirtækja sem unnið er fyrir, tegund leiðsagnar. Mögulega fæst besta svörunin með því að senda einungis einu sinni á ári. Gott væri þá að ná til sem flestra, einnig nýkominna erlendis frá, eflaust flestir í félaginu á haustin. Unnið hjá VR.

## Starfshópar

Varaformanni gefið orðið. Gott að setja einhverjar nefndir af stað, þó ekki of margar. Þar yrði einn stjórnarmaður og aðrir með að utan stjórnar. Til dæmis nefnd fyrir ákveðið landsvæði þar sem stéttarfélag úti á landi virðast vera að sinna leiðsögufólki/leiðsögufólk að greiða þangað. Viljum ná tengingu við fólk í greininni úti á landi.

Viðurkenningarnefnd sem veitir viðurkenningar fyrir framúrskarandi þjónustu, baðlón, hótél o.s.frv.

Hópur fyrir austan þar sem laun eru rangt reiknuð, þau í röngu félagi. Spurning hvort það þurfi að fara austur og mynda tengingar.

Kjarasamningar og þ.a.l. taxtar leiðsögufólks liggja hjá VR, ætti að taka þetta upp á fundi með SAF?

Vangaveltur um hvort það sé verkópólitók þar sem verkó rífst sín á milli. Ekki talið að svo sé, frekar að fólk viti ekki hvaða hag það hefur af því að vera í réttu félagi og finni ekki tengsl við sitt félag. Þegar fólk er í blönduðum störfum ef oft litið til þess að greitt sé í samræmi við hærra launaða starfið þar sem ekki má greiða undir taxa fyrir a.m.k. þann part sem unninn er í því starfi.

Til að ná tengingu út á land er vilji til að mynda eina nefnd til að byrja með sem tengist landshluta. Pétur Gauti tekur það að sér – Norðurlandanevnd. Hugmyndin er að finna leiðsögufólk með sér að norðan og funda ca. 4x á ári.

Þór Bínó er tilnefndur í öryggisnefnd og það samþykkt.

### **Menntun leiðsögufólks**

Afhendum viðurkenningar á eftir vegna mats skóla sem kenna leiðsögn á staðlinum ÍST EN 15565:2008. Skjöldur afhentur í leið nýrra skírteina í upphafi mars. Frekari umræða um málefnið þarf að fara fram á stjórnarvef á netinu.

### **Önnur mál**

Safetravel til í að vinna meira í okkur ef við viljum vinna með þeim.

Staðan á lagabreytingum eftir aðalfund - er í vinnslu innanhúss.

Skólakynningar – VR hefur samband við skólana fyrir skólaár 2026-2027, kynning um VR + kjarasamninga.

Skyndihjálpar – er hægt að hafa eitt námskeiðið 7 klst. í stað 4 klst.? VR kannar það.

Hrósa fréttaskoti á FB síðu, Jón Páll næsti. Jákvætt að halda þessu lifandi. Skipuleggja áframhaldið.

Ákveða á þessum fundi hvaða dagsetningar og umræðuefni við viljum hafa á félagsfundi. Viljum við kynna fyrir félagsfólki um menntunina. Finna dagsetningu – HK og ÞB.

Fólk að detta í vinnu, apríl minna hjá fólki. Næsti fundur, 3. mars, verður staðfundur á sama tíma, kl. 10-14. Örvor kemst ekki.

Fundi slitið kl. 13:48.